

Fundargerð – 5. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 17. apríl 2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson(FOR/NotesSTJR)

Viðstaddir

Indriði H. Þorláksson(formaður), Guðmundur Árnason, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Andrew Lynn, Andrew Speirs, Charles Williams og Paul Baines frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson, ritari nefndarinnar.

Hawkpoint kynnti stöðu málsins þann 16. apríl 2009

ÍP upplýsti að Hawkpoint hefði verið beðið að útvíkka hlutverk sitt og aðstoða bankana við mótun viðskiptaáætlunar sinnar og leita lausna á gjaldeyrisójöfnuði bankanna.

Samþykktir aðgerðapunktur:

- A. Fundur um ójafnvægið
 - Fundur verði haldinn til að ræða alla þætti ójafnvægis og ræða mögulega úrlausn.
 - Hawkpoint útbúi samantekt á þeim upplýsingum sem bankarnir hafa veitt til þessa til að aðstoða við að upplýsa umfang og eðli ójöfnuðarins.
- B. Stjórnun (governance) nýju bankanna (Indriði H. Þorsteinsson og Helga Valfells)
 - Huga þarf nánar að þáttum er snúa að stjórnun nýju bankanna.
 - Skoða nánar möguleika á stofnun sérstaks eignarhaldsfélags sem sé formlegur eigandi hlutafjár í nýju bönkunum.
 - Leitað verði lögfræðiráðgjafar til að tryggja að form eignahalds brjóti ekki í bága við samkeppnisrétt.
 - Einnig verði kannað að koma á aðskildum lögum ákvarðanatökuaðila (separate layers of decision making bodies) til að vega á móti (negate) mögulegra samkeppnisréttarlegra álitamála sem ekki er hægt að forðast með öðrum hætti.
- C. Samhæfing fjölmiðla (Allir aðilar með sérstakt innlegg frá Hawkpoint)
 - Skrifstofa forsætisráðherra og efnahags- og viðskiptaráðuneyti útbúi drög að fréttatilkynningu til að skýra afstöðu til eignarhalds (holding position) í framhaldi af skýrslu Deloitte.
 - Hawkpoint komi með innlegg í þau drög og útbúi spurningar og svör til undirbúnings fyrir spurningar fjölmiðla eftir birtingu.
 - Blaðafulltrúar stjórnvalda verði upplýstir um að engar opinberar yfirlýsingar vegna yfirstandandi vinnu skuli gefnar án þess að ráðfæra sig fyrst við Þorstein Þorsteinsson.

1. Endurskoðun:

AL sagði að Landsbankanum gengi vel í vinnunni með KPMG. Ætlunin sé að nýta þá vinnu sem viðmið fyrir hina bankana. Tafir á ráðningu endurskoðunarfyrtækja sé ekki að hjálpa tímarammanum. Upplýsingar þær sem berist frá bönkunum séu ófullnægjandi þar sem bankarnir bíða niðurstöðu Deloitte ferilsins. Deloitte hefur ekki formlega verið ráðið til að annast endurskoðun Íslandsbanka. Beðið er eftir því að Deloitte ljúki matsferli sínu. CW sagði að tafir á Deloitte ferlinu þyrftu ekki að tefja allan ferilinn í þeim tilvikum þar sem verkefni gætu verið unnin samhliða.

2. Viðskiptaáætlanir

BP sagði að Landsbankinn væri með viðeigandi áætlun en væri áfram varkár. Kaupþing hefur varið minni tíma í að meta lánabók sína lán fyrir lán. Þau séu á áætlun að afhenda fyrir 30. apríl.

Íslandsbanki hafi náð minnstum árangri. Þau fullyrði þó að þau nái að ljúka fyrir 30. apríl. Þessar yfirlýsingar beri þó að meta með varúð. Það verða fundir til að fylgja málinu eftir í næstu viku.

CW sagði alla banka nú vera meðvitaða um að ójöfnuður yrði ekki leystur með skiptasamningum. Þeir hafi þó ekki tekið þetta með í reikninginn í viðskiptaáætlunum sínum.

AL sagði fyrirbyggjandi góðar upplýsingar frá Landsbankanum um virkni lánabóka. Upplýsingar hafa verið gefnar til DS hjá Seðlabanka. Gögnin sýna verulega neikvæðastöðu. Lánabókin er ekki að skila, varla nokkur vaxtamunur.

ÞA sagði að lokaskýrsla gjaldeyrisnefndar (FX committee) yrði tilbúin í næstu viku. Formlegt bréf um skiptasamning myndi einnig berast frá Seðlabankanum.

IP sagði nauðsynlegt að taka ákvörðun sem fyrst. Hagsmunir þeir sem í húfi væru séu of miklir. Þetta verði að minnka með öllum tiltækum ráðum. Stjórnir bankanna verði að skilja vandann.

Hawkpoint samþykkti að vinna stutta skýrslu um kostnað ójafnvægisins.

CW sagði að bankarnir vissu að þeir væru reknir með tapi en hefðu reiknað með að skiptasamningur myndi leysa vandann.

BP sagði að bankarnir þyrfti að taka ábyrgð á vandanum.

AS sagði að Hawkpoint væri að reyna að skilja hverjar gjaldeyriseignirnar væru í raun. Hjá Landsbankanum væri aðeins 24% gjaldeyrislána til fyrirtækja í raun gjaldeyristekjur fyrir afskriftir/endurmat.

CW sagði að það væru vandkvæði með gögnin frá Kaupþingi. HP myndir fara til baka og reyna að fá réttu gögnin.

IP sagði einnig mikilvægt að horfa til vísitölubindingar við endurskipulagningu – breyta gjaldeyrislánum yfir í vísitölubundin (verðtryggt) lán.

ÞÞ sagði að mikilvægt væri að kynna gjaldeyris (FX) skýrsluna og bréf Seðlabankans fyrir bönkunum til að gera þeim ljóst að skiptasamninga væri ekki að vænta. Mikilvægt væri að koma með tillögur sem stýrinefndin yrði að samþykkja og koma með til ráðherra og leggja fram tillögur eftir kosningarnar.

AS sagði að mikilvægt væri að bankarnir og ríkisstjórnin skoðuðu vandamálið í sameiningu.

IP lagði til að settur yrði á fót vinnuhópur ráðuneytanna þriggja og bankanna til að vinna að lausn vandans með HP.

AS sagði að tillaga Seðlabankans væri að færa eignir aftur yfir til gömlu bankanna. Hann hafði áhyggjur af því að opna skiptinguna upp á nýjan leik. Gæti leitt til fjölda vandamála. Hann sagði að enduruppfærslan væri langtímalausnin.

GÁ upplýsti að gjaldeyrisvandinn hefði verið ræddur ítarlega við samhæfingarnefndina daginn áður.

HV sagði að mikilvægt væri að skapa hvata til enduruppfærslu og að nota hana til endirskilgreiningar.

AS sagði að mikilvægt gæti verið að hafa lögfræðilegt innlegg fyrir vinnuhópurinn til að vinna gjaldeyrisvandann áfram með Hawkpoint.

GÁ sagði að General Council hefði verið andsnúið því að viðskiptabankalán væru færð niður ef slík niðurfærsla næði aðeins til sumra einstaklinga.

ÞP sagði mikilvægt að aðstoða bankana með því að lækka innlánsvexti.

CW leggur til að vinnuhópurinn hitti bankana á mánudag eða þriðjudag. Vandinn og ferillinn verði síðan skilgreindur innan næsta sólarhrings.

ÞA sagðist koma því til skila til nefndar um gjaldeyrisójafnvægi sem væri að hittast síðar sama dag.

3. Skuldabréf

HP dreifði öðru umræðuskjali.

Bréf sent skilaneftum varðandi sjónarmið um endurgjald (compensation) (að hlutfé meðtöldu).

AS sagði að kröfuhafar Landsbankans vildu tryggingu fyrir virði. Landsbankinn yrði hins vegar lykilvettvangur fyrir lögsóknir. Mjög skaðlegt ef forgangi erlendra innlánseigenda sé ýtt til hliðar. Þýskir kröfuhafar segja forgang innlánseigenda ganga gegn ákvæðum stjórnarskrár. Að gefa eftir hlutfé í Landsbanka gæti hjálpað til gagnvart kröfuhöfum öðrum en innlánseigendum.

ÞP sagði að Íslandsbanki hefði áhuga á að kaupa lán til erlendra sjávarútvegs og jarðhitaverkefna af Glitni. HP sagði að Íslandsbanki væri ekki reiðubúinn að greiða uppsett verð og að kröfuhafar væru ekki áhugasamir um frekari tilfærslur á milli bankanna.

GÁ sagði að það væri utanaðkomandi áhugi á þessum lánnum.

CW sagði að enn væru tilfærslur milli bankanna undir eftirliti FME.

AS sagði að ríkisábyrgð á skuldabréfinu hefði verið rædd.

BP ræður gegn slíkum ábyrgðum almennt.

CW sagði að skuldabréf til að mæta 83 milljarða skuldbindingu sem flutt hefði verið frá SPRON til Kaupþings hefði ekki komið fram. Þetta sé umtalsverð viðbótaráhætta fyrir Kaupþing.

HV sagði að FME væri sannfært um að til væru eignir í SPRON til að mæta innlánunum. Hún sagði að FME hefði gefið til kynna að vandamálið yrði leyst innan viku.

AS sagði að það væri ekki vilji bankanna að á þá væri litið sem fulltrúa stjórnvalda.

AS sagði að það væri þörf á að bjóða einhvers konar fastmótað skuldabréf (fixed instrument). Gæti kallað á lága ríkisábyrgð.

Nefndin var almennt andvíg slíkum ábyrgðum.

AS sagði að fengju kröfuhafar sæti í stjórnnum gæti það verið að gagni.

BP sagði að ríkisstjórnin yrði að leiða umræðu um form á aðkomu stjórnvalda (government structure).

CW sagði það mikilvægt að fá tilhlýðilegan hóp af hálfu stjórnvalda til að veita leiðbeiningar um endurgjöf og leggja línur. Skilgreina verði í dag hverjir verði við borðið. Það sé mikilvægt að hefjast handa fljótlega og koma einhverju á blað.

HV sagði að efnahags- og viðskiptaráðuneytið (MoB) væri að vinna að breytingum á hlutafélagalögum – væri að vænta í haust.

IP sagði að þörf væri fyrir skýrari skuldbindingu en leiðbeiningar.

GÁ sagði að halda skyldi inni möguleika á eignarhaldsfélögum.

AS sagði að þörf væri á meiri stuðningi og yfirsýn af hálfu stjórnvalda og bankastjórnenda.

IP sagði að samkeppnislög gætu komið í veg fyrir eignarhaldsfélög.

GÁ sagðist hafa áhuga á að sjá lögfræðilít hvað þetta varðar þar sem eignarhaldið væri nú þegar alfarið í höndum efnahags- og viðskiptaráðuneytis (MoB).

AS sagði að mögulega væri hægt að skilgreina reglur fyrir hverja stjórn og veita þeim mismunandi hlutverk. Það gæti komið í veg fyrir vandamál hvað samkeppnisrétt varðar í framtíðinni.

4. Upplýsingastefna

CW sagði að þörf væri fyrir heilsteyptra (consistent) og samhæfða almannatenglastefnu (PR policy). FME hafi enn ekki gefið út fréttatilkynningu líkt og ákveðið hafi verið. Sameiginlegir umræðupunktur væru þarfir.

GÁ sagði að verið væri að taka saman aðra útgáfa stefnublaðs (Strategy Note). Það sé þörf á að ræða punkta er varði stýrihópin. Ný tímaáætlun yrði í viðauka. Stefnublaðið yrði birt eftir kosningar.

GÁ sagði að drög að fréttatilkynningu um ferlið hefði verið send efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

HP samþykkti að útbúa spurningar og svör um ferilinn til að láta þá sem eru í samskiptum við fjölmiðla hafa.

5. Lögfræðiráðgjöf

Þrjú tilboð hafa borist og þeim deilt innan stýrihópsins. Svipaður kostnaður. ÞP taldi Lovells gæti verið fljótari að setja sig inn í málin vegna fyrri starfa fyrir stjórnvöld.